

HÁSKÓLI ÍSLANDS 1911 – 2011



Skýrsla um aldarafmæli Háskóla Íslands



Skýrsla um aldarafmæli Háskóla Íslands

Reykjavík, Háskóli Íslands 2011

Ljósmyndir: Kristinn Ingvarsson, Gunnar Gunnarsson, Gunnar Sverrisson, Stefán Helgi Valsson,

Páll Kjartansson, Björn Gíslason, Jón Örn Guðbjartsson o.fl. Einnig birtast ljósmyndir í eigu skrifstofu Alþingis.

Prentun: Háskólaprentun

ÁVARP REKTORS

Stofnun Háskóla Íslands í fámennu og fátæku samfélagi árið 1911 og öll vegferð hans síðan hefur verið ævintýri líkast. Ævintýrið heldur áfram á hverjum degi, kynslóðir stúdenta koma til að öðlast þekkingu og þjálfun í skólanum og auðga hann um leið. Það voru 45 stúdentar sem hófu vegferðina 1911 en þeir eru yfir 14 þúsund við upphaf hundraðasta og fyrsta starfsársins. Skólinn hefur þróast í alþjóðlega vísinda- og fræðastofnun, sem hefur í senn skyldur við land sitt og þjóð og við alþjóðasamfélagið.

Aldarafmæli Háskóla Íslands hefur verið fagnað undir yfirskriftinni „Fjársjóður framtíðar“ og er þar vísað til nemenda skólans í fortíð, nútíð og framtíð. Hátíðarsamkoma í Alþingishúsinu, Háskólalestin með Háskóla unga fólksins innanborðs, fyrirlestrar Nóbelsverðlaunahafa og virtra erlendra og innlendra vísindamanna og leiðtoga, vísindapættir í sjónvarpi, gönguferðir, tónleikar, vísindadagatal, sýningar og ráðstefnur eru meðal þeirra fjölmörgu viðburða sem staðið hefur verið fyrir á árinu, með það að markmiði að opna skólann enn frekar og veita leikum og lærðum innsýn í það margvíslega starf sem fer fram í skólanum. Fyrir hönd Háskóla Íslands vil ég þakka afmælisnefnd, verkefnisstjórn, öllum samstarfsaðilum og þeim fjölmörgu starfsmönnum og stúdentum skólans sem lögðu hönd á plóg við að gera dagskrá afmælisársins jafn glæsilega og raun ber vitni.

Háskólanum bárust kveðjur og gjafir hvaðanæva að og fyrir þær vil ég þakka fyrir hönd skólans. Ríkisstjórn Íslands og Alþingi stofnuðu Aldarafmælisjóð Háskóla Íslands í tilefni tímamótanna, en markmið sjóðsins er að efla rannsóknir og nýsköpun til uppbyggingar atvinnulífs og verðmætasköpunar í þágu íslensks samfélags og þjóðar. Ný stefna Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2011–2016 markaði upphaf afmælisársins og er Aldarafmælisjóðurinn mikilsvert framlag til að gera skólanum kleift að hrinda stefnunni í framkvæmd.



Á hátíðardagskrá í Hörpu þann 8. október sl. tilkynnti Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra markmið um fjármögnun Háskóla Íslands til ársins 2020 og um ríkisframlög í Aldarafmælissjóð til næstu fjögurra ára. Þær fréttir að Háskóli Íslands væri kominn í hóp 300 bestu háskóla heims samkvæmt matslista Times Higher Education World University Rankings bárust skömmu fyrir afmælishátíð skólans og eru sannarlega mikil viðurkenning á vísindastarfi hans og samstarfsaðila.

Ríkisstjórn, Alþingi, Reykjavíkurborg og öðrum þeim sem stutt hafa Háskóla Íslands færi ég einlægar þakkir fyrir þann góða hug sem skólanum er sýndur á aldarafmæli hans. Sá meðbyr sem skólinn hefur fundið fyrir á afmælisárinu mun verða nýttur til áframhaldandi sóknar með eflingu rannsókna, kennslu og nýsköpunar í þágu íslensks samfélags.



Kristín Ingólfssdóttir,
rektor Háskóla Íslands

EFNISYFIRLIT

Ávarp rektors

- Undirbúningur og framkvæmd
 - Háskóli Íslands 100 ára
 - Hátíðarfyrirlestraröð rektors
 - Öndvegisfyrirlesarar
 - Ljósmyndasamkeppni
 - Með fróðleik í fararnesti – Gönguferðir Háskóla Íslands og Ferðafélags Íslands
 - Áskoranir 21. aldarinnar – Hátíðarmálþing 7. október
 - Fjárjóður framtíðar – Afmælishátíð 8. október
 - Háskólalestin
 - Afmælis- og söguvefur Háskóla Íslands
 - Háskólinn í 100 ár – brot úr sögu
- Vísindapættir
 - Ýmislegt
 - Janúar – mánuður Heilbrigðisvísindasviðs
 - Mars – mánuður Hugvísindasviðs
 - Apríl – mánuður Verkfræði- og náttúruvísindasviðs
 - September – mánuður Menntavísindasviðs
 - Október – mánuður Félagsvísindasviðs
 - Listahátíð stúdenta
 - Gjafir á aldarafmæli

UNDIRBÚNINGUR OG FRAMKVÆMD

Undirbúningur dagskrár aldarafmælis Háskóla Íslands hófst formlega með því að háskólaráð skipaði afmælisnefnd í apríl 2008. Í afmælisnefndinni áttu sæti þau Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, formaður, Börkur Hansen, prófessor, Helgi Bernóðusson, skrifstofustjóri Alþingis, Hörður Sigurgesstson, rekstrarhagfræðingur, Jórunn Erla Eyfjörð, prófessor, Sigurður R. Gíslason, prófessor og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor. Helgi Bernóðusson var fulltrúi Alþingis, Hörður Sigurgesstson, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra, og aðrir í nefndinni fulltrúar Háskóla Íslands.

Afmælisnefndin skilaði fyrstu tillögum sínum til rektors í lok árs 2008 og í framhaldinu var leitað eftir umsögnum og frekari tillögum frá fræðasviðum háskólans. Um mitt ár 2009 samþykkti háskólaráð tillögu að grófri dagskrá afmælisársins byggða á vinnu afmælisnefndar og umsögnum fræðasviða og háskólaráðs. Í framhaldinu var skipuð verkefnisstjórn og Ásthildur Sturludóttir ráðin sem verkefnisstjóri, í hálfst starf til að byrja með og fullt starf frá og með september 2010.

Framkvæmd og nánari útfærsla afmælisdagskrárinnar var í höndum verkefnisstjórnar en hana skipuðu Sæunn Stefánsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu rektors, Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu og formaður, Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísindasviðs, Jón Örn Guðbjartsson, sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs. Sæunn tók við sem verkefnisstjóri aldarafmælis Háskóla Íslands er Ásthildur Sturludóttir hvarf til annarra starfa í ágúst 2010.

Með verkefnisstjórninni störfuðu Ása Baldursdóttir, verkefnisstjóri afmælis- og söguvefs, Guðrún Bachmann, kynningarstjóri, Guðríður Ingibjörg Arnardóttir, verkefnisstjóri og Sigurlaug Ingibjörg Lövdahl, skrifstofustjóri. Náið samstarf var á milli afmælisnefndar og verkefnisstjórnar. Þá voru afmælisnefndir skipaðar á hverju hinna fimm fræðasviða háskólans og höfðu þær umsjón með þeim hluta dagskrárinnar er laut sérstaklega að fræðasviðunum. Auk framangreindra hefur fjöldi starfsfólks og stúdenta tekið þátt í dagskrá aldarafmælisins og eru öllum færðar þakkir fyrir framlag þeirra til afmælisársins.

HÁSKÓLI ÍSLANDS 100 ÁRA

Háskóli Íslands fagnaði aldarafmæli sínu á árinu 2011 en skólinn var stofnaður í Alþingishúsinu við Austurvöll hinn 17. júní 1911. Skýrsla aldarafmælisins er ekki tæmandi yfirlit yfir þá fjölmörgu viðburði sem haldnir voru á afmælisárinu heldur er henni ætlað að gefa innsýn í þá fjölbreyttu dagskrá sem öllum stóð opin á árinu, um land allt.

Aldarafmælið, sem fagnað var undir yfirskriftinni „Fjár sjóður framtíðar“, hófst með formlegum hætti í upphafi árs þegar Kristín Ingólfssdóttir, rektor kynnti nýja stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 og dagskrá aldarafmælisins í Hátíðasal Háskóla Íslands.

Dagskrá afmælisársins var afar fjölbreytt. Háskóli unga fólksins var veglegri en nokkru sinni fyrr um sumarið og ferðaðist hann m.a. með Háskólalestinni um landið og kom við á níu áfangastöðum í samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands, Vísindavef Háskóla Íslands, grunnskóla og sveitarfélög. Þá var efnt til fjölbreyttra gönguferða undir kjörorðinu „með fróðleik í fararnesti“ í samstarfi við Ferðafélag Íslands, haldin var röð lýðheilsufyrirlestra í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, Vísindadagatal var gefið út í upphafi árs í samstarfi við Vísindavefinn, efnt var til mánudagsbíós í samstarfi við Háskólabíó á hálfri aldar afmæli þess, haldnir voru Háskólatónleikar í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík, auk þess sem haldin voru fjölmörg málþing, nemendaviðburðir og vísindasýningar fyrir almenning. Þá var sérstakur hátíðarfundur haldinn í Alþingishúsinu og minnisvarði um veru skólans í þinghúsinu í tæpa þrjá áratugi afhjúpað á afmælisdegi skólans 17. júní. Hápunktur hátíðahaldanna var afmælimálþing um áskoranir 21. aldarinnar í Háskólabíói 7. október og afmælishátíð, undir yfirskrift afmælisársins Fjár sjóður framtíðar, í Hörpu 8. október.



HÁTÍÐARFYRIRLESTRARÖÐ REKTORS

Þrjár hátíðarfyrirlestrar, sem rektor Háskóla Íslands bauð sérstaklega til, voru fluttir í Hátíðasal á árinu og voru þeir vel sóttir. Fyrirlestrarnir voru teknir upp og eru aðgengilegir á afmælis- og söguvef háskólans á slóðinni:
http://www.hi.is/hatidafyrirlesarar_rektors



Dr. Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar og yfirmaður rannsókna, hélt fyrsta fyrirlesturinn í röðinni 15. janúar 2011. Kári er frumkvöðull í rannsóknum á erfðafræði manna, hefur hann birt fjölda vísindagreina og lagt gríðarlega mikið til þekkingar á sviði mannerfðafræði ásamt starfsfólki Íslenskrar erfðagreiningar. Fyrirlestur Kára nefndist „Hönnun manns – hvernig maðurinn skapast af samspili erfða og umhverfis“.



Dr. Hilmar B. Janusson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Össurar hf., flutti erindi í röðinni 7. maí 2011. Erindið bar yfirskriftina „Hreyfing mannsins. Frá hreyfihömlun til afreka. Hvernig geta verkfræðilegar lausnir fyrir hreyfihamlaða orðið hreyfingu allra til framdráttar?“ Hilmar hefur farið fyrir hönnunar- og þróunarteymi Össurar hf. frá árinu 1992 við hönnun og framleiðslu stoðtækja.



Dr. Nemat Shafik, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, flutti erindi 28. október 2011. Erindið bar yfirskriftina „Global Economic Challenges and Fostering Future Prosperity“. Shafik ræddi í erindi sínu um þær efnahagslegu áskoranir sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir og mikilvægi þess að bregðast skjótt við.

ÖNDVEGISFYRIRLESARAR

Hvert hinna fimm fræðasviða Háskóla Íslands var í sviðsljósinu í einn mánuð á afmælisárinu og stóð hvert um sig fyrir metnaðarfullri dagskrá. Buðu sviðin virtum erlendum fyrirlesurum að halda öndvegisfyrirlestra við skólann. Horfa má á upptökur af opnum erindum öndvegisfyrirlesaranna á slóðinni: <http://www.hi.is/ondvegisfyrirlesarar>





Dr. David Suzuki, prófessor í líffræði við University of British Columbia og annar tveggja öndvegisfyrirlesara Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, hélt fyrirlestur í Öskju 4. apríl 2011. Fyrirlesturinn var fluttur með fjarfundabúnaði og bar yfirskriftina „Afl náttúrunnar“. Suzuki er náttúruverndarsinni og sjónvarpsmaður og þekktur fyrir að útskýra náttúruvísindin á einfaldan og heillandi hátt. Suzuki hélt einnig erindi í eigin persónu hinn 1. október 2011 í Háskóla Íslands á málþinginu „Hvað getum við gert?“.



Dr. Elizabeth Blackburn, ástralsk-bandarískur Nóbelsverðlaunahafi og prófessor í líffræði í lífeðlisfræði við Kaliforníuháskóla, var annar tveggja öndvegisfyrirlesara Heilbrigðisvísindasviðs. Hún flutti erindi sem bar yfirskriftina: „Telomerar og Telomerasar: Hvernig hafa þeir áhrif á heilsu manna og sjúkdóma?“ 21. maí 2011 í Hátíðasal Háskóla Íslands. Uppgötvanir Blackburn og samstarfsmanna hennar skipta miklu máli fyrir skilning manna á áhættuþáttum sem snúa að hjartasjúkdómum og krabbameini og einnig áhrifum streitu á lífslengd fólks.



Dr. Françoise Barré-Sinoussi, franskur Nóbelsverðlaunahafi og vísindamaður við Pasteur–stofnunina í París var annar öndvegisfyrirlesara Heilbrigðisvísindasviðs. Hún flutti erindi í Hátíðasal Háskóla Íslands 1. júní 2011. Þar ræddi hún um rannsóknir sínar í veirufræði, meðal annars hvernig hún og samstarfsmenn hennar uppgötvuðu HIV-veiruna og að hún ylli alnæmi. Erindið var flutt á málþingi sem haldið var til heiðurs íslenska læknum og veirufræðingnum Birni Sigurðssyni, fyrsta forstöðumanni Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum.



Dr. Linda Darling-Hammond, öndvegisfyrirlesari Menntavísindasviðs, flutti erindið „Menntun og kennsla á 21. öld“ í Hátíðasal Háskóla Íslands 1. september 2011. Darling-Hammond er prófessor í menntavísindum við Stanford-háskóla í Bandaríkjunum. Í erindi sínu lagði hún áherslu á mikilvægi þess að endurskipuleggja allt skólastarf í ljósi breyttra tíma og síbreytilegrar framtíðar. Telur hún að helstu áskoranir 21. aldarinnar séu meiri þörf fyrir menntun í samfélaginu, fjölbreytilegri nemendahópar og meiri væntingar til skóla um að sýna árangur. Til þess að mæta þessum áskorunum skipti menntun kennara sköpum.



Dr. Noam Chomsky, öndvegisfyrirlesari Hugvísindasviðs, flutti tvo fyrirlestra í Háskólabíói 9. september 2011. Noam Chomsky er bandarískur málvísindamaður, rithöfundur og virkur þátttakandi í stjórn málaumræðu og prófessor emeritus í málvísindum við MIT-háskólann í Bandaríkjunum. Í fyrri fyrirlestrinum, „The ‘Generative Enterprise’: Its origins, goals, prospects“, fór Chomsky yfir hugmyndir sínar í málvísindum en hann lagði grunninn að þeirri stefnu í málvísindum sem hefur verið nefnd málkunnáttufræði á íslensku. Í síðari fyrirlestrinum sem bar yfirskriftina „The two 9/11s: Their historical significance“ fjallaði Chomsky um stöðu heimsmálanna, lýðræði, vald og ofbeldi í Háskólabíói.



Dr. Robert David Putnam, bandarískur stjórnmálafræðingur og öndvegisfyrirlesari Félagsvísindasviðs, er prófessor við John F. Kennedy School of Government við Harvard-háskóla. Hann flutti erindið „Challenges to community in the contemporary world: Social capital, diversity, and inequality“ í Hátíðasal Háskóla Íslands 3. október 2011. Putnam fjallaði um hugtakið félagsauð sem hann notar í rannsóknum sínum og snýst um tengsl okkar við vini, fjölskyldu og samfélag.



Dr. Henry Petroski, prófessor í byggingarverkfræði og sagnfræði við Duke-háskólann í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum og annar tveggja öndvegisfyrirlesara Verkfræði- og náttúruvísindasviðs flutti erindið „Success and Failure in Engineering: A Paradoxal Relationship“ í Hátíðasal 29. október 2011. Í erindi sínu lagði Petroski áherslu á mikilvægi þess að greina vel fyrri mistök þegar unnið væri að verkfræðilegri hönnun í stað þess að einblína á fyrri verkfræðileg afrek.

Öndvegisfyrirlestrarnir voru allir mjög vel sóttir og var mikið fjallað um þá í fjölmiðlum.

LJÓSMYNDASAMKEPPNI

Efnt var til ljósmyndasamkeppni meðal nemenda og starfsmanna Háskóla Íslands á árinu. Þema samkeppninnar var háskólalíf í víðustu merkingu þess orðs en myndefnið varð að tengjast Háskóla Íslands á einhvern hátt. Í keppnina bárust 147 myndir og valdi forvalsnefnd 50 þeirra áfram sem efnt var til rafrænnar kosningar um meðal stúdenta og starfsmanna háskólans. Forvalsnefndina skipuðu Kristinn Ingvarsson, ljósmyndari á Morgunblaðinu, Finnur Þorgeirsson, kerfisfræðingur hjá Reiknistofnun Háskóla Íslands og Anna Berglind Finnsdóttir, nemandi við Háskóla Íslands. Allar innsendar myndir eru sýndar á afmælis- og söguvef Háskóla Íslands á slóðinni: <http://www.hi.is/ljosmyndakeppni>

Lífleg þátttaka var í rafrænu kosningunni og samkeppnin hörð. Veitt voru glæsileg verðlaun fyrir þrjár myndir sem hlutu flest atkvæði en þær tíu myndir sem fengu bestu kosninguna voru til sýnis á Háskólatorgi, því næst í húsnæði Menntavísindasviðs á Laugarvatni og að lokum í Öskju. Gefendur verðlaunanna voru: Bóksala stúdenta, Félagsstofnun stúdenta, Háskólaprent og Sense/Nýherji.



Ritgerðarsmíð

Ljósmynd: Davíð Eldur Baldursson, nemandi í hagfræði við Háskóla Íslands.



Draumur um háskóla

Ljósmynd: Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.



Án titils

Ljósmynd: Arnar Lárusson, Darri Kristmundsson Hagalín Ásgrímur Guðmundsson nemendur í vélaverkfræði, Daði Bjarnason nemandi í vélaverkfræði og eðlisfræði og Þórir Guðlaugsson nemandi í iðnaðarverkfræði og stærðfræði, allir nemendur við Háskóla Íslands.

MEÐ FRÓÐLEIK Í FARARNESTI

Háskóli Íslands og Ferðafélag Íslands tóku höndum saman og stóðu fyrir reglulegum gönguferðum á árinu þar sem reynsla leiðsögumanna Ferðafélagsins og þekking vísindamanna háskólans kom saman. Boðið var upp á tólf gönguferðir á árinu:

29. janúar **Gengið á Úlfarsfell**, Árni Árnason dósent, Kristín Briem lektor og Sigrún Vala Björnsdóttir lektor leiddu gönguna. Þau eru öll kennarar við námsbraut í sjúkraþjálfun við HÍ.

12. febrúar **Byggingar Guðjóns Samúelssonar arkitekts**, Pétur Ármannsson arkitekt leiddi gönguna.

12. mars **Fæðuhringurinn í miðborg Reykjavíkur – saga matar frá landnámi til okkar daga**, Laufey Steingrimsdóttir, prófessor á Rannsóknastofu í næringarfræði á Landspítala og við Matvæla- og næringarfræðideild HÍ, Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur og Guðrún Hallgrímsdóttir matvælafræðingur leiddu gönguna.

19. mars **Þorpið í borginni – Árbæjarhverfi, vöxtur Reykjavíkur og myndun borgar**, Eggert Þór Bernharðsson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild HÍ, leiddi gönguna.

7. apríl **Tjörnin**, Gísli Már Gíslason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, leiddi gönguna.

10. apríl **Jarðfræði Reykjavíkur – Jarðfræðistrætó**, Hreggviður Norðdahl, fræðimaður á Jarðvísindastofnun og Ívar Örn Benediktsson, nýdoktor á Jarðvísindastofnun leiddu gönguna.

14. maí **Fjaran – Gósenland**, Guðrún Hallgrímsdóttir, matvælafræðingur og fulltrúi í háskólaráði HÍ og Konráð Þórisson, fiskifræðingur á Hafrannsóknarstofnun, leiddu gönguna.

28. maí **Goð og garpar í fornum heimildum**, Guðrún Kvaran, prófessor og sviðsstjóri á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, leiddi gönguna.

23. júní **Plöntuskoðunarferð – Plöntur eru augnayndi en hvað leynist undir yfirborðinu?** Elín Soffía Ólafsdóttir, prófessor við Lyfjafræðideild HÍ, leiddi gönguna.

10. september **Skólaganga**, Helgi Skúli Kjartansson, prófessor við Kennaradeild HÍ, leiddi gönguna.

29. október **Hvers virði er náttúran?** Daði Már Kristófersson, dósent í náttúruauðlindahagfræði við Hagfræðideild HÍ, leiddi gönguna.

12. nóvember **Tugthúsmeistarinn, strípibúllur og fyrsti dómsalurinn**, Helgi Gunnlaugsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild HÍ, leiddi gönguna.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011



ÁSKORANIR 21. ALDARINNAR – HÁTÍÐARMÁLÞING 7. OKTÓBER

Í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands bauð skólinn til opins málþings um áskoranir 21. aldar í stóra sal Háskólabíós. Þar fjölluðu heimskunnir fyrirlesarar, fræðimenn og stjórnendur háskóla um efnið frá ólíkum sjónarhóli. Fyrirlestur Kofi Annans, fyrrverandi aðalritara Sameinuðu þjóðanna og Nóbelsverðlaunahafa, vakti mikla athygli og var þátttaka á málþinginu afar góð.

Dagskrá

- 13.00 Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, setti málþingið
- 13.10 Kofi Annan, fyrrverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna og Nóbelsverðlaunahafi
Restoring Confidence in our Shared Future
- 14.00 Carol Carmichael, Linde Center for Global Environmental Science við California Institute of Technology (Caltech)
Sustainability: Civics Education for the 21st Century
- 14.35 Freysteinn Sigmundsson, sérfræðingur við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands
Restless Earth: Increasing Effects of Natural Catastrophes
- 15.30 Ole Petter Ottersen, rektor Óslóarháskóla
The Universities of Tomorrow: Taking on the Global Challenges
- 16.05 Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, tók saman helstu niðurstöður og horfði til framtíðar

Fundarstjóri: Guðrún Nordal, prófessor og forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011



FJÁRSJÓÐUR FRAMTÍÐAR – AFMÆLISHÁTÍÐ 8. OKTÓBER

Afmælishátíðin í Hörpu var hápunktur afmælisdagskrár Háskóla Íslands og var yfirskrift hennar Fjársjóður framtíðar. Boðið var upp á fjölbreytta og lifandi dagskrá. Starfsfólk, stúdentar, samstarfsaðilar og velunnarar Háskóla Íslands sóttu hátíðina og voru gestir vel á annað þúsund. Dagskrá hátíðarinnar fór fram á sviði Eldborgar og þar gerðu nemendur, starfsmenn og ýmsir listamenn starfi og sögu skólans skil í máli, myndum, leik og tónum.

Háskólaakórinn, Háskóladansinn, Stúdentaleikhúsið, Táknmálakórinn og Kvinnakór Háskóla Íslands voru meðal þeirra sem lögðu sitt af mörkum til þess að gera dagskrána skemmtilega. Þá frömdu tónlistarmennirnir Pétur Grétarsson og Sigurður Flosason gjörning með sönghópnum Voces Thules þar sem íslensk menning og handritin voru í forgrunni. Einnig ræddu Svandís Svavarsdóttir, starfandi mennta- og menningarmálaráðherra, og Stefán Þór Helgason, fulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands, um gildi menntunar.

Upptöku frá afmælishátíðinni, sem sýnd var á RÚV þann 16. október 2011, má sjá á slóðinni:
<http://www.hi.is/myndbond/afmaelishatid>

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra tilkynnti á afmælishátíð Háskóla Íslands í Hörpu að stjórnvöld hyggðust leggja 1,5 milljarð króna í Aldarafmælisjóð Háskóla Íslands á fjórum árum, fram til ársins 2014. Jafnframt var sett það markmið að árið 2016 yrðu tekjur háskólans í samræmi við meðaltal tekna á hvern stúdent í háskólum í OECD-ríkjunum. Tveir þriðju þess sem upp á vantar mundu koma frá ríkinu en þriðjungs fjárins afli skólinn sjálfur. Það geri hann fyrst og fremst með því að sækja í alþjóðlega rannsóknarsjóði. Loks er sett markmið um að árið 2020 verði heildartekjur Háskóla Íslands orðnar þær sömu og meðaltal fyrir háskóla á Norðurlöndum.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði við þetta tilefni: „Engar auðlindir eru mikilvægari en menntun og menning hverrar þjóðar. Ekkert er dýrmætara en að fá að þroska færni sína og kunnáttu og að rækta mannlega eiginleika á uppbyggilegan hátt. Sú þjóð sem kappkostar það hlýtur að eiga bjarta framtíð.“



Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands



Gestir í Hörpu brostu blíft. Fremst situr formaður Stúdentaráðs, Lilja Dögg Jónsdóttir



Háskólakór Háskóla Íslands



Stefán Þór Helgason, varaformaður Stúdentaráðs og Svandís Svavarsdóttir, starfandi mennta- og menningarmálaráðherra

Dagskrá

14.15–14.45 Tekið á móti gestum í anddyri Hörpu

Listhneigðir stúdentar taka á móti hátíðargestum og umvefja þá með harmónikuleik, dansgjörningi, upplestri, víólutónum, leik og söng.

15.00–16.00 Eldborg

Fjölbreytt og lifandi hátíðardagskrá í máli, myndum, leik og tónum.

Háskóli Íslands í 100 ár. Stiklur úr 100 ára sögu Háskóla Íslands. Tónlist: Sigurrós.

Hátíðarkvæði. Háskólakórinn frumflytur lagið *Land, þjóð og tunga* eftir Gunnstein Ólafsson við ljóð Snorra Hjartarsonar. Höfundur stjórnar og Árni Freyr Gunnarsson leikur með á píanó.

Hátíðin sett. Rektor Háskóla Íslands, Kristín Ingólfssdóttir.

Brimbrjótur þekkingar. Björk Guðmundsdóttir tónlistarkona, Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, og Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, færa Háskóla Íslands heillaóskir og heilræði.

Samtal ráðherra og stúdents. Svandís Svavarsdóttir, starfandi mennta- og menningarmálaráðherra, og Stefán Þór Helgason, varaformaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands ræða saman.

Kraumandi rannsóknastöð. Lifandi myndir úr starfi vísindamanna Háskóla Íslands á fjölbreyttum vettvangi rannsókna sinna. Tónlist: Mugison.

Fjórar svipmyndir. Félagar í Stúdentaleikhúsinu flytja frumsaminn leikþátt um háskólalífið fyrr og nú. Leikstjórar: Flóki Snorrason og Kolbrún Halldórsdóttir. Píanóleikari: Árni Freyr Snorrason.



Lifandi háskólasamfélag. Lilja Dögg Jónsdóttir, formaður Stúdentaráðs, flakkar vítt og breitt um vistarverur Háskóla Íslands í Reykjavík og á landsbyggðinni. Háskóladansinn stiginn. Tónlist: Of Monsters and Men o.fl.

Áskoranir 21. aldar. Framlag vísindamanna og nemenda Háskóla Íslands til að mæta áskorunum 21. aldar. Tónlist: Björk Guðmundsdóttir.

Utan úr heimi. Jean-Marc Rapp, forseti samtaka evrópskra háskóla (EUA) og rektor háskólans í Lausanne í Sviss, og Pam Fredman, formaður samtaka norrænna háskóla (NUS) og rektor Gautaborgarháskóla í Svíþjóð, færa Háskóla Íslands afmæliskveðjur.

Flöskuskeyti. Fyrirverandi nemendur Háskóla Íslands senda kveðjur frá fjarlægum heimshornum. Tónlist: Jeff Who.

Háskólatónleikar – efniviður fortíðar og menningararfur framtíðar. Gjörningur með tali og tónum helgaður íslenskri tungu, miðaldasögu og menningararfinum. Tónlistarmennirnir Pétur Grétarsson og Sigurður Flosason flytja ásamt sönghópnum Voces Tules.

Tindrandi tónar og táknmálssöngur. Kvinnakór Háskóla Íslands undir stjórn Margrétar Bóasdóttur og Táknmálskórinn undir stjórn Eyrúnar Ólafsdóttur frumflytja lag Gylfa Þ. Gíslasonar *Íslenskt vögguljóð á hörpu* við ljóð Halldórs Kiljans Laxness í útsetningu Þorvaldar Gylfasonar.

Horft til framtíðar. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra. Kristín Ingólfssdóttir rektor.

Samsöngur. Flytjendur og listamenn koma saman á sviðinu og hátíðargestir rísa úr sætum og syngja *Ísland ögrum skorið*. Ljóð: Eggert Ólafsson. Lag: Sigvaldi Kaldalóns.

16.00–17.00 Móttaka fyrir framan Eldborg og í Flóa



HÁSKÓLALESTIN



Starfsemi Háskóla unga fólksins var með hátíðarsniði á afmælisárinu. Skólinn slóst í för með svokallaðri Háskólalest sem ferðaðist víða um Ísland. Háskólalestin nam staðar á níu stöðum á landinu í samstarfi við rannsóknasetur Háskóla Íslands, Vísindavefinn, grunnskóla og sveitarfélög. Valin námskeið Háskóla unga fólksins, sem eru ætluð börnum á aldrinum 12–16 ára, voru haldin víðs vegar um landið. Auk námskeiða fyrir unga fólkið var boðið upp á fjölpætta dagskrá fyrir alla aldurshópa á hverjum stað. Háskóli unga fólksins hefur verið starfræktur hvert sumar frá árinu 2004 og var hann mun stærri í sniðum á afmælisárinu.

Áfangastaðir

Stykkishólmur – Hvolsvöllur – Höfn í Hornafirði – Skagaströnd – Húsavík – Bolungarvík – Egilsstaðir – Sandgerði – Seltjarnarnes

HÁSKÓLALESTIN >>>



HÁSKÓLALESTIN >>>



HÁSKÓLALESTIN >>>



AFMÆLIS- OG SÖGUVEFUR

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, opnaði afmælis- og söguvef við upphaf aldarafmælisárs Háskóla Íslands 7. janúar 2011, um leið og rektor kynnti nýja stefnu háskólans fyrir tímabilið 2011–2016 og dagskrá aldarafmælis skólans. Söguhluti vefsins var opnaður við sérstaka athöfn í anddyri Aðalbyggingar Háskóla Íslands 8. apríl 2011, þremur mánuðum eftir að vefsvæðið www.hi.is/afmaeli var opnað.

Á afmælis- og söguvef Háskóla Íslands er meðal annars hægt að skoða vörður úr sögu háskólans, lesa viðtöl við áhugaverða einstaklinga er tengjast skólanum og skoða myndbönd og ljósmyndir úr starfi hans. Ljósmyndirnar eru í eigu skjalasafns háskólans, Ljósmyndasafns Reykjavíkur og Þjóðminjasafns Íslands og eru þær dýrmætur vitnisburður um starfsemi og þróun Háskóla Íslands. Á vefnum www.hi.is/afmaeli var fjölbreyttri dagskrá skólans á afmælisárinu gerð ítarleg skil.

Aðalsíða

Háskólinn í nærmynd

Myndbönd


Ljósmyndir

Svipmyndir úr sögunni

Vísindabættir

Bíó

Mánudagsbíó



Í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands og hálftrar aldar afmæli Háskólabíós voru endursýndar valdar myndir úr safni kvikmyndahússins. Margar þeirra hafa ekki verið sýndar í bíói hér á landi árum saman en kvikmyndasýningar í Háskólabíói hafa verið afar fjölbreyttar í gegnum tíðina. Við val endursýndra kvikmynda var leitast við að endurspegla þann fjölbreytileika þannig að allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. www.hi.is/manudagsbio

Í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands eru birtar ljósmyndir á vefnum með stuttum textabrotum þar sem stiklað er á stóru í 100 ára sögu skólans. Myndirnar eru flestar í eigu skjalasafns háskólans og eru þær dýrmætur vitnisburður um starfsemi og þróun Háskóla Íslands. Textinn er meðal annars byggður á Aldarsögu Háskóla Íslands 1911–2011 og útgefnum Árbókum Háskóla Íslands: www.hi.is/svipmyndir



ALDARSAGA HÁSKÓLA ÍSLANDS 1911–2011


Aldarsaga Háskóla Íslands 1911–2011 var gefin út á árinu. Um er að ræða mjög umfangsmikið og vandað rit, tæplega 900 blaðsíður að lengd, skreytt rúmlega 300 myndum af margvíslegu tagi.

Ritstjóri er Gunnar Karlsson og höfundar Guðmundur Hálfðanarson, Sigríður Matthíasdóttir og Magnús Guðmundsson.



HÁSKÓLINN Í 100 ÁR – BROT ÚR SÖGU

Sýningin Háskólinn í 100 ár – brot úr sögu var opnuð föstudaginn 20. maí 2011 á fyrstu hæð Háskólatorgs. Á sýningunni var stiklað á stóru í hundrað ára sögu háskólans. Þar var tæpt á ýmsum viðburðum frá þeim tíu áratugum sem liðnir eru í sögu skólans og tekin fyrir viðfangsefni á borð við félagslega umgjörð stúdenta, stofnun háskóla og sjálfstæðisbaráttuna, auk byggingarsögu og sögu stofnana skólans. Þá var svipmyndum af tíu háskólastúdentum brugðið upp, einum fyrir hvern áratug. Ýmsir munir úr eigu háskólans voru til sýnis og upp var sett lítil stúdentaíbúð í hluta sýningarrýmisins. Þar var hægt að horfa á myndskleið og hlusta á ýmsar hljóðupptökur úr sögu skólans. Umsjón með sýningunni höfðu nemendur í námskeiðinu Menningarminjar, söfn og sýningar, sem er liður í meistaranámi í hagnýtri menningarmiðlun innan Sagnfræði- og heimspekideildar Háskóla Íslands, undir leiðsögn Eggerts Þórs Bernharðssonar, prófessors og Önnu Hinriksdóttur, menningarmiðlara.



VÍSINDAÞÆTTIR

Sjónvarpsþáttaröðin Fjár sjóður framtíðar vakti mikla athygli á aldarafmæli Háskóla Íslands en röðin var sýnd í Ríkissjónvarpinu síðla hausts. Þættirnir, sem voru þrír talsins, fengu afar jákvæð viðbrögð áhorfenda en þeir voru gerðir í tilefni af aldarafmæli skólans. Fjölbreyttar vísindarannsóknir, sem fara fram innan og utan veggja skólans, voru í háskerpu í þessum þáttum en þeim var ætlað að veita fólki sýn á hið fjölbreytta rannsóknastarf sem vísindamenn háskólans sinna við afar ólíkar aðstæður. Þættirnir náðu yfir vísindarannsóknir á öllum fræðasviðum Háskóla Íslands.

Kvikmyndatökur fóru fram víða um land, m.a. á Skjálfandaflóa, í Grímsvötnum, á Eyjafjallajökli meðan á eldsumbrotum stóð og í framhaldi af þeim, á Langjökli, undir Snæfellsjökli, í Fljótshlíð, við Hekfurætur, á Skriðuklaustri, í Reykjavík, Hvalfirði og víðar. Framleiðandi þáttaraðarinnar er Kukl, kvikmyndatökumaður var Bjarni Felix Bjarnason, um samsetningu og klippingu sá Konráð Gylfason en Jón Örn Guðbjartsson, sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs Háskóla Íslands, stýrði upptökum og sá um dagskrárgerð. Verkefnið var stutt af Happpdrætti Háskóla Íslands og er hægt að skoða þættina á vef Háskóla Íslands á slóðinni: www.hi.is/fjarsjodur_framtidar



ÝMISLEGT



HÁSKÓLATÓNLEIKARÖÐ

Boðið var upp á röð Háskólatónleika með frumsaminni íslenski tónlist víða um háskólasvæðið á árinu, m.a. í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík. Aðgangur var ókeypis og allir velkomnir.



ENDURBÆTUR Á FRÍDLANDINU

Háskóli Íslands, Norræna húsið og Reykjavíkurborg standa að endurbótum á friðlandinu í Vatnsmýrinni en samkomulag um endurbætur var undirritað í Norræna húsinu á aldarafmælisárinu.



HÁTÍÐ BRAUTSKRÁÐRA DOKTORA

Þann 1. desember efndi Háskóli Íslands í fyrsta sinn til hátíðar brautskráðra doktora í Hátíðasal þar sem þeim var afhent gullmerki Háskóla Íslands. Stefnt er að því að hátíðin verði framvegis árlegur viðburður.



LÝÐHEILSA FYRR OG NÚ

Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands og Þjóðminjasafnið efndu til fyrirlestra í tilefni af aldarafmæli skólans. Yfirskrift fyrirlestraraðarinnar var „Lýðheilsa fyrr og nú“. Þjóðminjasafn Íslands bauð stúdentum ókeypis aðgang að safninu allt afmælisárið.



VÍSINDADAGATAL HÁSKÓLA ÍSLANDS

Á sérstöku vísindadagatali var einn vísindamaður valinn fyrir hvern dag ársins og framlag hans til vísinda og fræða kynnt. Snæfríður Þorsteins og Hildigunnur Gunnarsdóttir hönnuðu dagatalið. Þorsteinn Vilhjálmsson, í samstarfi við Vísindavefinn, annaðist ritstjórn þess.

ÝMISLEGT



HÁTÍÐARSAMKOMA OG OPIÐ HÚS

Hátíðarsamkoma var haldin í Alþingishúsinu 17. júní í tilefni af stofnun Háskóla Íslands 1911 í þinghúsinu. Ávörp fluttu forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, starfandi menntamálaráðherra, Svandís Svavarsdóttir, rektor Háskóla Íslands, Kristín Ingólfssdóttir og formaður Stúdentaráðs, Lilja Dögg Jónsdóttir. Háskólakórinn söng við athöfnina.

Forseti Alþingis opnaði einnig sýningu um þingstörf Jóns Sigurðssonar forseta og starfsemi háskólans í Alþingishúsinu. Sýningin var opin almenningi þann 17. júní og komu um 3000 gestir á hana.



HÁSKÓLAVÖRUR

Bóksala stúdenta seldi úrval glæsilegra vara sérmerktum Háskóla Íslands. Ágóði af sölunni rennur í Afreks- og hvatningarsjóð stúdenta Háskóla Íslands, en markmið sjóðsins er að styðja við bakið á efnilegum stúdentum til frekari afreka á sviði náms og vísinda.



FRÍMERKI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Frímerki í tilefni af hundrað ára afmæli Háskóla Íslands er meðal nýrra frímerkja sem Íslandspóstur gaf út 2011. Elsta bygging háskólans, Aðalbyggingin, prýðir frímerkið ásamt einkennismerki skólans. Hönnuður frímerkisins er Arnar Snorrason og voru 150 þúsund frímerki gefin út. Þess má geta að á 50 ára afmæli háskólans var einnig gefið út frímerki.

JANÚAR – MÁNUÐUR HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐS

Á afmælisári Háskóla Íslands var einn mánuður tileinkaður hverju fræðasviði Háskóla Íslands og var janúar mánuður Heilbrigðisvísindasviðs. Einn af stærri viðburðum fræðasviðsins var ráðstefna um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands sem haldin var 5.–6. janúar. Ráðstefnan var á vegum allra deilda og námsbrauta Heilbrigðisvísindasviðs auk Miðstöðvar í Lýðheilsuvísindum og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Þá efndi Heilbrigðisvísindasvið til sex hádegisfyrirlestra, eins frá hverri deild sviðsins. Boðið var upp á fjölbreytta og áhugaverða fyrirlestra sem voru ætlaðir almenningi. Fyrsti fyrirlesturinn var á vegum námsbrautar í ljósmóðurfræði við Hjúkrunarfræðideild 10. janúar og var umfjöllunarefnið: „Að eiga von á barni.“ Hinar deildirnar fylgdu í kjölfarið og lauk fyrirlestraröðinni með erindi frá Sálfræðideild um athyglisbrest með ofvirkni (ADHD) 31. janúar.

Ýmsir viðburðir voru í boði á vegum sviðsins út afmælisárið, s.s. málþing, málstofur og fyrirlestrar erlendra gesta. Þá voru á árinu 2011 liðin 250 ár frá því að menntun ljósmæðra hófst á Íslandi og var þeirra tímamóta víða minnst. Öndvegisfyrirlesarar Heilbrigðisvísindasviðs voru tveir Nóbelsverðlaunahafar í líf- og læknávisindum; dr. Elizabeth Blackburn, sem hlaut Nóbelsverðlaunin 2009, og dr. Françoise Barré-Sinoussi, er hlaut verðlaunin árið 2008.



MARS – MÁNUÐUR HUGVÍSINDASVIÐS

Á afmælisári Háskóla Íslands var marsmánuður tileinkaður hugvísindum og var boðið upp á fjölbreytta dagskrá allan mánuðinn.

Nemendur hófu leikinn með skemmti- og fræðsludagskrá alla miðvikudaga í mars. Haldin voru örnámskeið ætluð almenningi sem voru fjölbreytt og vel sótt. Á Hugvísindapingi var boðið upp á málstofuþing dagana 25. og 26. mars og hefur dagskráin aldrei verið eins viðamikil hvað fjölda fyrirlesara og málstofa varðar. Einnig var boðið upp á svokallað fyrirlestrahlaðborð undir merkjum Hugvísindapings 11. og 12. mars.

Laugardaginn 19. mars var blásið til stefnumóts við almenning víða um borgina. Í Kringlunni voru veitt verðlaun í textasamkeppni sem Hugvísindasvið efndi til en 25 textar sem komust í úrslit voru þar til sýnis. Þennan dag var fólki enn fremur boðin leiðsögn sérfræðinga á Þjóðminjasafni, Listasafni Íslands og Minjasafni Reykjavíkur. Auk þessa var opið hús í Þjóðskjalasafni, argentískar kvikmyndir voru sýndar í Bíó Paradís, efnt var til Lorca-ljóðadags og skipulögð gönguferð í Árbæjarhverfi undir leiðsögn sagnfræðings. Dr. Noam Chomsky var öndvegisfyrirlesari Hugvísindasviðs en hann hélt fyrirlestra við skólann föstudaginn 9. september og sóttu þá samtals um 2.000 manns.

Veffyrirlestrar Hugvísindasviðs voru einnig nýjung í tilefni aldarafmælisins. Fyrirlestrarnir eru um 30 mínútur að lengd og fjalla um mjög fjölbreytt efni og eru aðgengilegir á slóðinni: www.hugras.is



APRÍL – MÁNUÐUR VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐS

Starfsfólk Verkfræði- og náttúruvísindasviðs opnaði dyr sínar í apríl og bauð upp á fjölbreytta dagskrá í tilefni aldarafmælisins. Þann 2. apríl buðu Raunvísindadeild og Raunvísindastofnun almenningi að skoða húsakynni sín og rannsóknir í byggingunum VR-I, VR-II, VR-III og Tæknigarði. Meðal þess sem fólk gat skoðað var stjørnuver, tilraunastofur og kafbátur á þurru landi. Leikið var á eldorgel og rjúpnastofninn gerður útreiknanlegur. Verkfræðideildir buðu grunnskólanemum í heimsókn 18. apríl, þar sem þeir fengu meðal annars að fylgjast með líkani af brú sem var brotin með miklum þrýstingi og tilraunum í straumfræði.

Hinn 4. apríl hélt dr. David Suzuki, prófessor í líffræði við University of British Columbia, fyrirlestur. Suzuki er einna þekktastur fyrir sjónvarpsþætti sína, *The Nature of Things*, þar sem náttúruvísindin eru útskýrð á aðgengilegan hátt. Nemendur Raunvísindadeildar buðu framhaldsskólanemum í heimsókn og kynntu nám við deildina ásamt því að bjóða aðstoð við heimanám.

Jarðvísindadeild og Líf- og umhverfisvísindadeild stóðu fyrir fjölmörgum viðburðum vikuna 9.–16. apríl. Boðið var upp á jarðfræðistrætó og skoðunarferð á Reykjanes 9. apríl þar sem jarðfræði og fuglalífi voru gerð góð skil undir leiðsögn fræðimanna. Einnig var þess minnst með dagskrá að í apríl var eitt ár liðið frá því að gosið í Eyjafjallajökli hófst. Fyrirlesarar úr hópi vísindamanna háskólans fjölluðu um gosið og áhrif þess. Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hélt alþjóðlega ráðstefnu í samstarfi við Verkfræði- og náttúruvísindasvið í lok apríl. Öndvegisfyrirlesari sviðsins var Dr. Henry Petroski, prófessor við Duke-háskólann í N-Karólínu og flutti hann fyrirlestur þann 29. október. Dr. Petroski er prófessor í verkfræði og sagnfræði og vel þekktur rithöfundur sem fjallað hefur um mikilvægi mistaka í framþróun.



SEPTEMBER – MÁNUÐUR MENNTAVÍSINDASVIÐS

Á afmælisári Háskóla Íslands var septembermánuður tileinkaður menntavísindum. Dagskráin hófst 1. september með öndvegisfyrirlestri dr. Lindu Darling-Hammond, prófessors í menntavísindum við Stanford-háskóla, en hún fjallaði um menntun og kennslu á 21. öld. Darling-Hammond hefur verið leiðandi í mótun nýrrar menntastefnu núverandi stjórnvalda í Bandaríkjunum.

Í afmælimánuðinum lögðu fulltrúar sviðsins áherslu á að efla enn frekar tengsl við vettvang, m.a. með heimsóknum kennara Menntavísindasviðs í skóla og stofnanir sem tengjast fræðasviðinu. Menntavísindasvið stóð fyrir opnu húsi laugardaginn 17. september þar sem leik-, grunn- og framhaldsskólar kynntu áhugaverð verkefni sem unnið er að í skólunum og var dagskráin afar lífleg og fjölbreytt.

Laugardaginn 3. september tóku nemendur og kennarar á Laugarvatni á móti gestum og buðu m.a. upp á fræðslu og ráðgjöf. Fræðasviðið bauð enn fremur foreldrum upp á örnámskeið öll miðvikudagskvöld í afmælimánuðinum, þar sem fjallað var um uppeldisaðferðir, næringu barna, sjálfbærni í menntun og tónlist. Allnokkrir íslenskir og erlendir fyrirlesarar héldu erindi í mánuðinum, boðið var upp á ráðstefnu um stjórnun og forystu í menntamálum, gönguferð um slóðir menntunar og fræðslu í Reykjavík og haldin árleg ráðstefna Menntavísindasviðs, Menntakvika, þar sem rannsóknir vísindamanna fræðasviðsins voru kynntar.



OKTÓBER – MÁNUÐUR FÉLAGSVÍSINDASVIÐS

Öndvegisfyrirlesari Félagsvísindasviðs var dr. Robert David Putnam sem flutti erindi í Hátíðasal þann 3. október.

Félags- og mannvísindadeild bauð upp á tjaldspjall á Austurvelli þar sem gestum og gangandi var boðið að kynna sér nám við deildina. Auk þessa var dr. Daniel Miller boðið til landsins til að halda erindi um stafræna mannfræði. Félagsráðgjafardeild hélt upp á 30 ára kennsluafmæli félagsráðgjafar á Íslandi og efndi af því tilefni til málþings um sögu, samfélag og siðfræði – félagsráðgjöf í hálfra öld. Auk þessa bauð Félagsráðgjafardeild til málþings um börn, feður og fjölskyldutengsl þar sem sýning Sigrúnar Sigurðardóttur á ljósmyndum Guðbjarts Ásgeirssonar var fléttuð saman við fræðilega umræðu um feður í barnavernd. Lagadeild bauð upp á opið hús þar sem gefin var innsýn í grunngreinar lögfræðinnar og laganemar voru með sýndarréttarhöld í Lögbergisdómi.

Hagfræðideild bauð upp á fyrirlestur um hagfræði fjölskyldunnar þar sem fjallað var um samskipti mismunandi kynslóða sem og birtingarmyndir ýmissa mældra hagstærða. Hagfræðideild og Lagadeild tóku þátt í ráðstefnunni Jón Sigurðsson forseti: Hugsjónir og stefnumál – tveggja alda minning. Viðskiptafræðideild hélt þrjár málstofur, um markaðsfræði í fortíð, nútíð og framtíð, umhverfi nýsköpunar á Íslandi og um framtíð íslensks fjármálamarkaðar. Þar drógu fjármálakennarar Viðskiptafræðideildar og nokkrir framámenn í íslensku fjármálalífi upp framtíðarsýn fyrir íslenskan fjármálamarkað. Stjórn málafræðideild hélt málþing í samvinnu við Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna í tilefni af 15 ára afmæli námsbrautar í kynjafræði. Á málstofunni sátu þjóðþekktir stjórnámamenn í pallborði og ræddu við gesti.



LISTAHÁTÍÐ STÚDENTA

Í september fögnuðu stúdentar aldarafmæli Háskóla Íslands. Efndi Stúdentaráð m.a. til Listahátíðar stúdenta sem var ætlað að laða fram hæfileika sem leynast meðal stúdenta skólans. Hátíðin stóð yfir frá 19.–30. september og var eins konar „pop-up listahátíð“ þar sem fjöldi listamanna kom fram á hverjum degi á ólíklegustu stöðum háskólasvæðisins. Yfir 50 stúdentar tóku þátt í hátíðinni sem var bæði fjölbreytt og metnaðarfull.

Dagskrá var kynnt að morgni hvers dags og var hugmyndin sú að þeir sem ættu leið um skólann rækjust óvænt á listviðburð, t.d. fyrir framan skólastofuna sína, í stigagangi, matsal, á stéttinni fyrir framan skólabygginguna eða á öðrum óvæntum stöðum.



GJAFIR Á ALDARAFMÆLI

Háskóli Íslands hefur á aldarafmælisárinu fengið fjölmargar gjafir og kveðjur frá innlendum og erlendum samstarfsaðilum og velunnurum. Stjórnvöld samþykktu síðasta sumar að stofna sérstakan Aldarafmælissjóð Háskóla Íslands til að minnast tímamótanna. Verður lagður 1,5 milljarður króna í sjóðinn fram til ársins 2014 og sett eru fram markmið um fjármögnun hans til 2020. Enn fremur beittu stjórnvöld sér fyrir því að stofnað yrði prófessorsstarf við háskólann í nafni Jóns Sigurðssonar.

Jón Gnarr borgarstjóri og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, undirrituðu samkomulag um sameiginlega framtíðarsýn á háskólasvæðinu. Samkomulagið er byggt á yfirlýsingu borgarstjórnar í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands. Það felur í sér vilja beggja aðila til að vinna að sameiginlegri framtíðarsýn, heildarskipulagi og samgöngustefnu fyrir lóðir og svæði háskólans í Vatnsmýri. Jafnframt staðfestir Reykjavíkurborg vilyrði sitt um að Háskóli Íslands geti þróað starfsemi sína og uppbyggingu með samfelldum hætti til austurs í Vatnsmýri.

Erlendir samstarfsaðilar og velunnarar Háskóla Íslands sýndu hug sinn til skólans í verki á ýmsan hátt á afmælisárinu. Þannig tóku hátt í 40 fulltrúar frá erlendum samstarfsháskólum og háskólasamtökum þátt í afmælisviðburðum Háskóla Íslands dagana 7. og 8. október sl. Þá efndi Kaupmannahafnarháskóli til sérstakrar hátíðardagskrár í húsakynnum sínum í lok september til heiðurs Háskóla Íslands.

Enn fremur bárust Háskóla Íslands fjölmargar kveðjur og gjafir utan úr heimi þar sem skólanum var árnað heilla á þessum merku tímamótum. Meðal þeirra skóla sem sendu heillaóskir voru Massachusetts Institute of Technology (MIT), Harvard-háskóli, Kaliforníuháskóli í Santa Barbara og Cambridge-háskóli. Frá Árósarháskóla bárust heillaóskir og fjórar steinþrykksmyndir eftir danska listamanninn Erik A. Frandsen og Fróðskaparsetur Færeyja gaf háskólanum steinþrykksmynd eftir færeysku listakonuna Hansinu Iversen. Gautaborgarháskóli gaf Háskóla Íslands sögu sína í tveimur bindum og Óslóarháskóli nýútkomna 200 ára sögu sína í níu bindum. Þá gaf Háskólinn í Ási í Noregi fallegan glervasa. Háskólinn í Björgvin gaf eftirmynd af fornu rúnakefli og Helsinki-háskóli færði skólanum heillaóskaskjal og bókina A European University: The University of Helsinki 1640–2010. Manitoba-háskóli færði Háskóla Íslands heillaóskaskjal og bókina Two Ways of Knowing: Merging Science and Traditional Knowledge During the Fourth International Polar Year. Einnig gáfu Sænsku rektorasamtökin Háskóla Íslands glerstyttu á tímamótunum og þau norsku áletraðan glerdisk. Þá færði Tokai-háskóli skólanum heillaóskaskjal og japanska keramikskál. Loks gaf Godtfred Vestergaard, velunnari skólans til margra ára, peningagjöf til styrktar nemendum í vélaverkfræði.

GJAFIR Á ALDARAFMÆLI

Innlendir aðilar létu ekki heldur sitt eftir liggja. Snemma á árinu gáfu Félag kvenna í læknastétt, Læknafélag Íslands, Læknafélag Reykjavíkur og Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar skólanum málverk af Kristínu Ólafsdóttur, fyrstu konunni sem lauk námi við Háskóla Íslands. Enn fremur afhenti Félag háskólakvenna rektor 28. apríl sl. 50.000 kr. í sjóð sem mun bera nafn Kristínar. Þá gaf Alþingi glerlistaverkið Þvottakonur/ Draumur eftir Sigrúnu Ólöfu Einarsdóttur í minningu þeirra sem börðust fyrir stofnun Háskóla Íslands. Unnur Guðjónsdóttir gaf liðlega 170 ára gamla bók í skinnbandi, sem ber heitið Sú litla Sálma og Vísnaþók, í tveimur portum, samantekin kristinnndómi lands þessa til Heilla Eblingar og Siðbóta. Einnig gaf Gestur Gunnarsson skólanum hitakerfahermi og Japansk-íslenska félagið færði Háskóla Íslands fyrr á árinu kirsuberjatré og hafa þau verið gróðursett austan við Íþróttahús háskólans. Enn fremur afhenti forseti Slóveníu, dr. Danilo Türk, rektor gjöf í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands er hann heimsótti skólann í vor og það gerðu fulltrúar Shanghai Academy of Sciences einnig í heimsókn sinni til skólans á árinu.



Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands. Jóhanna tilkynnti á aldarafmælishátíð Háskóla Íslands í Hörpu að stjórnvöld hyggðust leggja 1,5 milljarð króna í Aldarafmælisjóð Háskóla Íslands á fjórum árum, fram til ársins 2014.



Jón Gnarr borgarstjóri og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, undirrituðu samkomulag um sameiginlega framtíðarsýn á háskólasvæðinu. Samkomulagið er byggt á yfirlýsingu borgarstjórnar í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands í október 2011.



Kristín Ingólfssdóttir rektor tók við málverki af Kristínu Ólafsdóttur, fyrsta kvenstúdenti skólans. Lilja Sigrún Jónsdóttir, formaður Félags kvenna í læknastétt, afhenti gjöfina.



Alþingi Íslendinga veitti veggmynd viðtöku til minningar um starfsemi skólans í Alþingishúsinu 1911–1940.



Alþingi gaf glerlistaverkið Þvottakonur/Draumur eftir Sigrúnu Ólöfu Einarsdóttur.



HÁSKÓLI  ÍSLANDS
1911-2011